



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

LINDIFURA

INNGANGUR

Lindifura (*Pinus cembra*) er eitt glæsilegasta, sígræna tréð sem hér er ræktað. Hún var fyrst gróðursett árið 1899 á Þingvöllum og lindifurur frá árinu 1900 vaxa á Grund í Eyjafirði. Fallegar lindifurur í Mörkinni á Hallormsstað eru vaxnar upp eftir beinar sáningar frá árinu 1906. Hún hefur vaxið hér áfallalítið í meira en 100 ár en er þó lítið ræktað. Lindifura er ein þeirra trjátegunda sem auka þarf ræktun á hér á landinu.



Fullvaxin getur lindifura orðið um 25 m há og er hér sýnd í samanburði við Selfosskirkju. Hæstu lindifurur hér á landi eru líðlega 10 m háar og ekkert sem bendir til annars en að þær geti náð um 20 m hæð við góð skilyrði.

UPPRUNI


Lindifura hefur tvö aðskilin útbreiðslusvæði. Í Evrópu vex hún í Alpa- og Karpatafjöllum en í Asíu á svæðum í austur Síberíu, bæði í Rússlandi og Mongólíu. Hún vex hátt til fjalla og myndar efstu skógarmörk.

Lindifura er notuð í görðum og algeng sem slík á Norðurlöndunum. Í heimkynnum sínum er trjáviður hennar einnig verðmætur. Lindifura sem hér er ræktuð er aðallega fengin frá Síberíu, en einnig eru til einstaklingar og fallegri teigar af lindifuru úr Ölpunum.

Sumir höfundar aðgreina lindifuru í tvær aðskildar trjátegundir, sembrafuru (*P. cembra*) og lindifuru (*P. sibirica*) en aðrir sem undirtegundir (*P. c. subsp. cembra* og *P.c. subsp. sibirica*).



Nálar lindifuru eru langar og mjúkar viðkomu.



Fimm nálar í knippi er eitt einkenni lindifuru. Nálar eru langar og frekar mjúkar viðkomu.

EINKENNI

Lindifura er beinvaxið, formfallett, meðalstórt tré, sem verður langlíft og mest um 25 m hátt í heimkynnum sínum. Lindifura hefur 5 grannar nálar í knippi og sitja knippin þétt á greinunum. Nálarnar eru 5-12 cm langar og mjúkar viðkomu. Köngullinn er frekar stuttur, þykkur og kvöðuríkur. Hann opnast ekki á trénu, heldur er fræjunum eiginlegt að dreifast með fuglum sem tína þau úr könglunum. Fræin eru stór, um 1 cm löng og óvængjuð. Yngri árssprotar hafa áberandi gulbrúnan lit. Lindifura hefur keilulaga krónu í uppvexti sem verður síðan stór og breið.



Köngull lindifuru er frekar stuttur og breiður og opnast ekki á trénu. Fræið úr könglinum dreifist gjarna með smádýrum og fuglum. Hér á landi eru það helst mús sem geta borið fræ lindifurunnar út. Lindifura þroskar reglulega fræ, sérstaklega á Héraði þar sem töluvert hefur verið ræktað af henni.

FJÖLGUN

Lindifuru er fjölgað af fræi. Í uppeldi þarf að verja fræin fyrir músum, en þau eru oft lengi að spíra og þurfa örvun. Eins er hægt að fjölga henni með beinni sáningu.



Fræ lindifuru eru stór og vænglaus.

NOTKUN

Lindifura hentar vel í útivistarskóga sem skrauttré í garða og sumarbústaðalönd. Á bestu stöðum gæti hún hentað til nytjaskógræktar og þá er hún áhugavert jólatré.

Lindifurufræ eru afar góð til átu og eru mikið borðuð, sérstaklega austur í Síberíu þar sem þau eru algengt snarl. Lindifurufræ eru eins ágæt í ýmskonar salöt. Í Ölpunum eru fræin gjarna notuð til að krydda áfenga snafsa.



Lindifurufræ er ljómandi gott til átu. í Rússlandi er það mikið borðað og til gamans má geta að víða í Noregi eru þetta kallaðar rússahnetur, en þangað barst töluvert af þeim með rússneskum sjómönnum.



Lindifura þarf sæmilegt skjól í uppvextinum. Hún er enn óalgeng trjátegund í ræktun, en auka þarf veg hennar og virðingu í ræktunarstarfinu.

VANDAMÁL Í RÆKTUN

Lindifura hefur verið að mestu laus við sjúkdóma og meindýr. Lindifurulús (*Pineus cembra* Chol.) hefur fundist hér en ekki valdið skaða.

LANDVAL

Lítil reynsla er af ræktun lindifuru, utan skjólbetri svæða inn til landsins. Hún virðist vera í meðallagi harðger og geta gengið í ræktun víðast þar sem skjóls gætir. Lindifura vex frekar hægt, er skuggþolin og hefur ágætt frostþol. Hún gerir töluverðar kröfur til jarðvegs.

ISSN 1605-5020



9 771605 502008

SUÐURLANDSSKÓGAR




Áburðarverksmiðjan

Beinn sími söludeildar: 580 3232
www.aburdur.is

Nesprýði

Höfundur: Jón Geir Pétursson - Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon
Umsjón: Prentsmiðjan Viðey ehf. - Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík. www.skog.is